

GJALDSKRÁ

fyrir starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar er sveitarstjórnnum heimilt að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi, sbr. fyrirtækjalista, sem fylgir með reglugerð þessari.

Færsla fyrirtækja milli flokka skal staðfest á sama hátt og gjaldskrá þessi og listi.

3. gr.

Fyrir rekstrarleyfi samkv. 36. gr. 1. málsg. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 er heimilt að innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

	kr.
1. flokkur	1 000
2. flokkur	2 000
3. flokkur	3 000
4. flokkur	4 000

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar er heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulíðum 2. gr. laga nr. 109/1984 er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald svo sem hér greinir:

	kr.
1. flokkur	3 000
2. flokkur	6 000
3. flokkur	12 000
4. flokkur	18 000

5. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits lætur, f. h. svæðisnefndar, sveitarstjórnnum í té lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki, en sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu eftirlitsgjalda.

6. gr.

Gjöld samkvæmt 4. gr. má innheimta með lögtaki.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórnnum á heilbrigðiseftirlitssvæði Eyjafjarðar, sbr. 6. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit í samráði við svæðisnefnd, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. 6. tl. áðurnefndra laga, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. mars 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.**Flokkun fyrirtækja eftir umfangi eftirlits.**

I.	II.	III.	IV.
A 300	A 300	A 300	A 300
B 1 000	B 2 000	B 3 000	B 4 000
C 1 000	C 2 000	C 3 000	C 4 000
D 4 000	D 8 000	D 15 000	D 25 000
Bensinstöðvar. Leiktækjasalir. Gufubaðstofur. Ljósabaðstofur. Leikvellir. Lækningastofur. Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur. Sælgætis- og tóbakssölur. Málningarverslanir. Tannlæknastofur. Torgsala. Annar rekstur sambærilegur.	Fangageymslur. Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur. Gistiheimili án veitinga. Heilsuræktarstöðvar. Íþróttahús án sundstaðar. Íþróttavellir/sundstaðir. Brauðgerð/Brauðsala. Kvikmyndahús. Læknastöðvar. Leikskólar. Matsöluvagnar. Mötuneyti (minni). Nýsluvörugemymslur. Nýlenduvöruverslanir. Sælgætisgerðir (minni). Tækifærisveitingar. Annar rekstur sambærilegur.	Brauðgerðarhús. Brauðstofur. Pizzugerðir. Dagheimili. Félagsheimili með veitingarekstur. Fiskbúðir. Minni hótél. Sjúkrahús I. (hjúkrunarheimil o. s. frv.). Dvalarheimili o. þ. h. Ísbúðir/Ísgerðir. Íþróttahús með sundlaug. Sundlaugar/Sundhallir. Kjörbúðir/Nýlenduvöruverslanir. Leiktækjasalir m/veitingum. Skyndibitastaðir. Stærri samkomuhús og veitingastaðir. Sælgætisgerðir (stærri). Veislumiðstöðvar. Veitingastaðir. Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli). Annar rekstur sambærilegur.	Stórmarkaðir, stærri kjörbúðir. Stór hótél. Stórar matvælavinnslustöðvar. Stór brauðgerðarhús. Mjólkurstöðvar. Vinnuheimili. Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h. Sjúkrahús II. (svæðisjúkrahús, deildaskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús). Annar rekstur sambærilegur.
A Vottorð. B Leyfisgjald, frumleyfi. C Leyfisgjald, endurnýjun. D Eftirlitsgjald.			

Nr. 158

REGLUGERÐ

26. mars 1985

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, þar með taldar bætur samkv. 19. gr., skulu hækka um 2,4% 1. mars 1985 að telja frá því sem þær voru í febrúar s.l.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1985.

Matthías Bjarnason.Páll Sigurðsson.